

Colas Ísland hf.  
Gulhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Akureyri, 10. maí 2022  
UST202202-070/G.S.Á.  
08.08.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 05.04. 2022 – bikstöð Colas ehf., Akureyri**

Þann 5. apríl sl. fór fram eftirlit í bikstöð Colas ehf., Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Þrjár ábendingar voru settar fram hvað varðar að uppfæra þurfi áætlanir, verklagsreglur og umhverfismarkmið m.t.t. nýr rekstraraðila og að upplýsingar vantar um sjálfvirkan viðvörðunarbúnað í olúskilju. Tvö frávík komu fram er varða:**

- 1. Gr. 2.3 í starfsleyfi og 7. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.** Takmarka skal aðgengi að stöðinni. Stöðin er ekki afgirt en takmarka þarf aðgengi ökutækja inn í lekaheldu þróna. Engin takmörkun var á ökuleið inn í þróna og keðja sem þar hefur verið, var ekki til staðar.
- 2. Gr. 3.5 í starfsleyfi og 15 gr. reglugerðar 884/2017.** Virkni olúskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Ekki lágu fyrir upplýsingar um þjónustu og/eða hreinsun olúskilju við eftirlit.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 31. maí 2022.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Margrét Helga Guðmundsdóttir  
*Sérfræðingur*